



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 141/1312**  
**komudagur 28.1.2013**

28. janúar 2013  
Tilvísun: 2013010239/10.4

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 501. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ennfremur er vísað til fundar með efnahags- og viðskiptanefnd 23. janúar sl. um efni frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

### **I. Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins - yferráð**

Í frumvarpinu er lagt til að skilgreiningu á orðinu "yferráð" í 9. tölul. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki verði breytt og í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að til hagræðingar þykir æskilegt að skilgreining á yferráðum innihaldi orðskýringar fremur en að vísa í lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Einnig kemur fram að ekki sé um efnislega breytingu að ræða en hins vegar bætist við orðskýringuna nýr undirliður í 6. lið. 9. tölul. 1. gr. a laganna um hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag, sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi félagsins.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við framangreint og telur ekki æskilegt að vera með sömu skilgreininguna á yferráðum á fleiri en einum stað. Einnig telur stofnunin það vera í betra samræmi við tilskipun 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, að vísa í lög nr. 3/2006, um ársreikninga, þ.e. að skilgreining á yferráðum yrði óbreytt, að viðbættum nýjum lið. Það er því lagt til að 9. tölul. 1. gr. a laganna hljóði svo:

*Yferráð: Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag, sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi félagsins.*

### **II. Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins - gagnsæi**

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 4. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki og er nú kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli tilgreina á vefsíðu sinni nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í fyrirtækinu (áður 5%) á hverjum tíma. Jafnframt segir að sé viðkomandi lögaðili skuli koma fram hverjir séu raunverulegir eigendur þess lögaðila.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Í athugasemdum með frumvarpinu er síðan kveðið á um að með skilgreiningu á hugtakinu *raunverulegur eigandi* sé átt við þá persónu sem eigi eignarhlutinn eða stjórn honum í gegnum lögaðilann. Að mati stofnunarinnar er ekki nægjanlega skýrt hvað sé átt við með hugtakinu raunverulegur eigandi en það hugtak er ekki skilgreint í lögum um fjármálafyrirtæki. Til upplýsinga skal þess þó getið að skilgreiningu á hugtakinu raunverulegur eigandi má hins vegar finna í lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og þar segir að raunverulegur eigandi teljist m.a. vera einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Ákvæðið eigi þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir, sbr. a. liður 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu er mjög mikilvægt að skilgreina betur hvað sé átt við með "raunverulegur eigandi" í lögum um fjármálafyrirtæki bæði hvað varðar gagnsæi eignarhalds eins og það er sett fram í 3. gr. frumvarpsins og ennfremur í tengslum við mat á hæfi virks eiganda fjármálafyrirtækis, sbr. 49. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.

Einnig kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að í 49. gr. a laganna sé mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitinu sé skylt að hafna því að eigandi virks eignarhluta megi fara með hlutinn ef vafi leiki á því hver sé raunverulegur eigandi og sé það einkum í tilvikum eignarhaldsfélaga eða verðbréfasjóða, sjóða um sameiginlega fjárfestingu þar sem gefin eru út hlutdeildarskírteini. Hvað framangreinda skýringu varðar er rétt að geta þess að verðbréfasjóðir hér á landi sem og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem gefa út hlutdeildarskírteini myndu, að mati stofnunarinnar, ekki vera hæfir til að fara með virkan eignarhlut, þar sem þeir eru ekki lögaðilar og geta því ekki borið réttindi og skyldur sem slíkir. Þeir eru því ekki, að mati stofnunarinnar, heppilegt dæmi í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins.

Þá vill Fjármálaeftirlitið benda á að það getur verið erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir fjármálafyrirtæki að birta lista yfir nöfn allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutafjár í fyrirtækinu á *hverjum tíma*. Það ætti þá sérstaklega við þá lögaðila sem eru skráðir á skipulegum markaði. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri framangreint auðveldað með því að kveða á um að listar yrðu birtir á ákveðnum tíma, t.d. við ársfjórðungsuppgjör eða hálfársuppgjör. Ennfremur er bent á, með vísan til þess sem að framan greinir, að þegar ekki liggur fyrir skilgreining á því hvað telst vera raunverulegur eigandi gæti verið mjög erfitt að tilgreina raunverulega eigendur þess lögaðila sem á umfram 1% hlutafjár í fyrirtækinu.

### III. Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins - stofnun útibú erlendis

Í a. lið 5. gr. frumvarpsins kemur fram að í stað orðanna "þremur mánuðum" í 3. mgr. 36. gr. laganna komi "einum mánuði". Hér er því verið að stytta þann frest sem Fjármálaeftirlitið hefur til að tilkynna erlendum eftirlitum um stofnun útibús innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Þá kemur fram í athugasemdum með 5. gr. frumvarpsins að í stað þriggja mánaða tímabrests eftirlitsins komi einn mánuður líkt og mælt sé fyrir um í 6. mgr. 31. gr. MiFID tilskipunarinnar.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við framangreint og telur að um misskilning sé að ræða og að ekki sé tilefni til breytinga á 3. mgr. 36. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Vakin er athygli á því að í 6. mgr. 31. gr. tilskipunar 2004/39/EB (MiFID) er kveðið á um þjónustu verðbréfafyrirtækis og MTF í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu án stofnunar útibús og tilkynningu þess efnis. Hvað varðar innlend fjármálafyrirtæki sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 36. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þá er tilskipun



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, óbreytt í þeim efnunum, sbr. 3. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar, og MiFID tilskipunin breytir því ekki, sbr. 3. mgr. 32. gr. tilskipunarinnar. Fjármálaeftirlitið telur því ekki tilefni til breytinga á 3. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Einnig vill Fjármálaeftirlitið benda á að þær breytingar sem gerðar eru í b. lið 5. gr. frumvarpsins, þar sem fram kemur að breytingar á áður veittum upplýsingum í tengslum við útibú erlendis fari eingöngu í gegnum Fjármálaeftirlitið sem síðan kemur upplýsingunum áfram, hafa einnig áhrif á 4. mgr. 37. gr. laganna um breytingar á áður veittum upplýsingum um þjónustu án stofnunar útibús erlendis. Það er því lagt til að 4. mgr. 37. gr. laganna sé einnig breytt til samræmis við b. lið 5. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 3. mgr. 26. gr. tilskipunar 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana.

### **IV. Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins - hæfisskilyrði**

Í 7. gr. frumvarpsins eru rýmkaðar heimildir stjórnarmanna fjármálafyrirtækja sem jafnframt eru lögmenn til að taka að sér lögmannsstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Þannig er stjórnarmanni samkvæmt frumvarpinu heimilt að sinna einföldum lögmannsstörfum fyrir önnur fjármálafyrirtæki sem varða löginheimtu og varða ekki verulega hagsmuni.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við ákvæðið og bendir á að upp geti komið vandamál við túlkun þess, þar sem það þarf að fara fram mat annars vegar á því hvað teljist til einfaldra lögmannsstarfa og hins vegar mat á því hvað teljist til verulegra hagsmuna. Þá er einnig bent á að mál sem virðist vera einfalt innheimtumál geti breyst í flókið og erfitt mál við málsmeðferðina. Að mati stofnunarinnar gæti því verið örðugt að meta framangreint og einnig erfitt eða nær ómögulegt að framfylgja eftirliti með ákvæðinu óbreyttu.

### **V. Athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins - upplýsingar í ársreikningi**

Í 9. gr. frumvarpsins er 3. mgr. 87. gr. laganna breytt á þann veg að við þær upplýsingar sem birta skal í ársreikningi bætast nöfn og heimilisföng allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í lok reikningsárs og ennfremur að sé viðkomandi lögaðili skuli jafnframt koma fram í ársreikningi hver sé raunverulegur eigandi. Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við ákvæðið og vísar í athugasemdir sem það gerir í bréfi þessu við 3. gr. frumvarpsins.

### **VI. Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins - viðurlög**

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að það varði stjórnvaldssektum að birta ekki eða uppfæra upplýsingar á vefsvæði um nöfn og heimilisföng þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í fyrirtækinu, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við ákvæðið og vísar í athugasemdir sem það gerir í bréfi þessu við 3. gr. frumvarpsins og áréttar að það geti mögulega verið erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir fjármálafyrirtæki að birta lista yfir nöfn allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár í fyrirtækinu á hverjum tíma og jafnframt hverjir séu *raunverulegir eigendur* viðkomandi lögaðila þegar ekki liggur fyrir skilgreining á hugtakinu í lögum um fjármálafyrirtæki. Að mati stofnunarinnar er því varhugavert að leggja til að óbreytt 3. gr. frumvarpsins varði stjórnvaldssektum.

### **VII. Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins - opinbert eftirlit**

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að við 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi bætist ný málsgrein, þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið skuli við eftirlitsstörf sín, einkum í neyðartilvikum, taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna þess á fjármálastöðugleika á Íslandi sem og EES svæðinu öllu.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við framangreint og telur annars vegar að réttara væri að ný málsgrein yrði að nýjum málslið sem bætist við við 1. mgr. 1. gr. laganna og hins vegar er lagt til nýtt orðalag. Fjármálaeftirlitið telur heppilegra að taka út orðin "einkum í neyðartilvikum", sleppa tilvísun í EES svæðið og miða ákvæðið við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku stjórnvaldsákvæðana í tengslum við fjármálastöðugleika. Nýr málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna gæti því hljóðað svo:

*Í störfum sínum, einkum við setningu almennra stjórnvaldsfyrirmæla og töku stjórnvaldsákvæðana, skal Fjármálaeftirlitið stuðla að fjármálastöðugleika.*

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Haldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Berglind Helga Jónsd.*  
Berglind Helga Jónsdóttir